


Árið 1998

FLUGTÖLUR

Flugflutningar • Flugfloti • Flugskríteini • Flugumferð

FLUGFLOTI




Í árslok 1998 voru 336 loftför á skrá á Íslandi, á móti 332 á sama tíma árið áður. Þetta er 1% fjölgun á milli ára. Skráð loftför hafa ekki verið fleiri sl. tíu ár.

Á árinu fjölgaði þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) um fjórar, létum flugvélum (undir 5.700 kg) fækkaði um eina, svifflugum fjölgaði um eina og þyrflutottinn stóð í stað.

Sl. áratug hefur íslenskum loftförum á skrá fjölgað að meðaltali um 1% á ári og meðaltalið sl. fimm ár er einnig það sama.

SKÍRTEINI EINSTAKLINGA



Gild skírteini einstaklinga í árslok 1998 voru 2.528 talsins en það er 14% fjölgun á milli ára.


Dæmi um fjölmennustu skírteinishópa í lok ársins voru: Einkanflugmenn 633, atvinnuflugmenn 569, flugvéltaeknar 259, flugmenn 183, flugkennarar 152, flugumferðarstjórnar 88, svifflugmenn 44, flugvélstjórnar 42, flugumsjónarmenn 35. Í árslok voru 274 blindflugskírteini í gildi.

Á milli árunna 1997 og 1998 fjölgaði hlutfallslega mest í eftirtöldum hópum: Flugmenn 31%, flugumsjónarmenn 21%, flugmenn 12%, svifflugmenn 10%, einkanflugmenn 10%, atvinnuflugmenn 5% og flugvéltaeknar 5%.

Í eftirtöldum hópum varð hins vegar fækkun: Flugvélstjórnar 4% og flugumferðarstjórnar 1%.

Síðastliðinn áratug hefur einstaklingskríteinunum í gildi fjölgað um 5% að meðaltali á ári. Þessum skírteinum fjölgaði að meðaltali um 6% á ári sl. fimm ár.

ÚTHAFSFLUGUMFERÐ





Árið 1998 fóru samtals 83.295 flugvélar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið eða 14% fleiri en árið áður. Tæplega 8% af heildarumferðinni var herflug. Þetta er mesta aukning milli ára í tíu ár.

Umferðin á árinu skiptist þannig að 85% hennar var atvinnuflug, herflug 8% og almannaflug 7%.

Síðastliðinn áratug hefur umferð flugvéla um svæðið aukist að meðaltali um 5% á ári. Meðaltalsbreyting sl. fimm ár er 3% á ári.

FARÞEGAR INNANLANDS





Árið 1998 fóru alls 463.414 innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli. Fjöldunin er 8% á milli ára.

Árið 1998 fjölgaði farþegum á fimm af átta stærstu flugvöllum landsins. Aukning varð á eftirtöldum flugvöllum: Vestmannaeyjum 19%, Akureyri 16%, Húsavík 11%, Egilsstöðum 7% og Reykjavík 6%. Hins vegar fækkaði farþegum um 7% á Ísafirði, 4% á Hornafirði og 4% á Sauðárkrúki.

Heildarfjöldi innanlandsfarþega á áætlunarflugvöllum landsins hefur að meðaltali aukist um 3% á ári sl. áratug. Síðastliðinn fimm ár hefur þessum farþegum fjölgað að meðaltali um 7% á ári.

FARÞEGAR MILLI LANDA




Alls fóru 1.251.323 millilandaþegar um íslenska áætlunarflugvelli árið 1998. Fjöldunin er 11% á milli ára. Áningar- og skiptifarþegar á Keflavíkurflugvelli voru 29% af heildarfjarþegafjöldanum, eða 367.253 talsins.

Á árinu fjölgaði farþegum hlutfallslega mest í Keflavík eða um 12% en þeim fjölgaði einnig í Reykjavík eða um 2%. Mest hlutfallsleg fækkan varð 43% á Akureyri og 19% á Egilsstöðum.

Heildarfjöldi millilandaþega á áætlunarflugvöllum landsins hefur að meðaltali aukist um 11% á ári sl. áratug. Síðastliðinn fimm ár hefur þessum farþegum fjölgað að meðaltali um 10% á ári.

VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Alls voru flutt 1.494 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi árið 1998, sem er 1% samdráttur miðað við árið áður. Vöruflutningar jukust um 4% en póstur minnkaði um 30%.

Vöru- og póstflutningar drógust saman á fimm af átta stærstu áætlunarflugvöllum landsins. Samdrátturinn varð hlutfallslega mestur á Sauðárkrúki eða 56%, 28% á Húsavík, 14% á Hornafirði, 6% á Ísafirði og 3% á Egilsstöðum. Flutningur á vörum og pósti jókst hins vegar á eftirtöldum þremur flugvöllum: Reykjavík 10%, Akureyri 6%, og Vestmannaeyjum 1%.

Heildarmagn af vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 11% á ári sl. áratug. Meðaltalsamdráttur sl. fimm ára er 13% á ári.

VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi jukust um 2% árið 1998 og námu samtals 27.109 tonnnum. Vöruflutningar jukust um 2% og 8% minnkun varð á pósti.

Vöru- og póstflutningar um Keflavíkurflugvöll voru 5% meiri en árið áður en drógust aftur á móti saman um 87% á Reykjavíkurflugvelli.

Heildarmagn af vörum og pósti í millilandaflugi hefur að meðaltali aukist um 12% á ári sl. fimm ár.

FLUGHREYFINGAR INNANLANDS



Heildarfjöldi flughreyfinga (flugtaka og landinga) á íslenskum áætlunarflugvöllum árið 1998 var samtals 214.143 eða 10% fleiri en árið áður, þar af voru 188.141 í innanlandsflugi en 26.002 í millilandaflugi.

Í innanlandsflugi fjölgaði flughreyfingum í áætlunar- og leiguflugi um 15% en þar voru 64.975 talsins, snertilendingar (afingalendingar) voru 66.702 sem er 2% aukning og hreyfingar í öðru flugi innanlands voru 56.464 eða 16% fleiri en árið áður.

Flughreyfingum í innanlandsflugi fjölgaði á fjórum af níu stærstu áætlunarflugvöllum landsins. Hlutfallslega varð mest aukning á eftirfarandi flugvöllum: Keflavík 22%, Vestmannaeyjum 20%, Húsavík 12% og Akureyri 1%. Á hinn bóginn fækkaði flughreyfingum um 10% á Sauðárkrúki, 4% á Ísafirði, 3% í Reykjavík, 2% á Egilsstöðum og 1% á Hornafirði.

FLUGTÖLUR

Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

Íslensk loftför á skrá 1989 - 1998

Ár	Pungar flugvélar	Léttar flugvélar	Svifflugur	Þyrur	Samtals	Breyting frá ári
1989	16	279	24	4	323	3,9%
1990	14	273	25	3	315	-2,5%
1991	18	273	24	5	320	1,6%
1992	19	271	24	5	319	-0,3%
1993	24	264	26	5	319	0,0%
1994	22	257	29	5	313	-1,9%
1995	30	259	29	6	324	3,5%
1996	35	259	31	5	330	1,9%
1997	41	255	31	5	332	0,6%
1998	45	254	32	5	336	1,2%

Skírteini einstaklinga 1989 - 1998

Ár	Útgefin	Endurnýjuð	Fjöldi skírteina	Breyting frá fyrra ári
1989	311	360	1.649	1,2%
1990	267	337	1.659	0,6%
1991	232	423	1.642	-1,0%
1992	230	532	1.753	6,8%
1993	256	155	1.920	9,5%
1994	260	148	1.865	-2,9%
1995	267	309	1.910	2,4%
1996	391	448	2.031	6,3%
1997	486	525	2.210	8,8%
1998	758	230	2.528	14,4%

Skírteini einstaklinga 1998

Tegund skírteinis	Útgefin	Endurnýjuð	Í gildi	Breyting 98/97	Hlutdeild
Atvinnuflugmenn / flugvél	38	21	295	8,5%	11,7%
Atvinnuflugmenn / þyrur	6	1	11	10,0%	0,4%
Atvinnuflugmenn I fl./ flugvél	10	34	257	2,8%	10,2%
Atvinnuflugmenn I fl./ þyrur	0	0	6	-25,0%	0,2%
Blindflugáritanir	35	26	274	9,2%	10,8%
Einkaflugmenn / flugvél	140	72	632	10,5%	25,0%
Einkaflugmenn / þyrur	1	0	1	-66,7%	0,0%
Flugkennarar	21	30	152	31,0%	6,0%
Flugnemar	177	10	183	11,6%	7,2%
Flugumferðarstjórar	2	4	88	-1,1%	3,5%
Flugumsjónarmenn	12	8	35	20,7%	1,4%
Flugvélstjórar	2	0	42	-4,5%	1,7%
Flugvéltaeknar	19	18	259	5,3%	10,2%
Fullgildingar*	289	72	249	114,7%	9,8%
Svifflugmenn	6	6	44	10,0%	1,7%
Samtals	558	230	2.528	14,4%	100,0%

Umferð um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1989 - 1998

Ár	Til/frá Íslandi	Yfirflug	Fjöldi ferða	Breyting
1989	-	-	66.929	7,6%
1990	-	-	70.589	5,5%
1991	-	-	64.660	-8,4%
1992	-	-	63.102	-2,4%
1993	18.142	46.813	64.955	2,9%
1994	18.706	49.973	68.679	5,7%
1995	20.940	45.352	66.292	-3,5%
1996	22.382	49.249	71.631	8,1%
1997	23.576	49.779	73.355	2,4%
1998	25.282	58.013	83.295	13,6%

Skipting umferðar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1994 - 1998

Ár	Atvinnuflug	Almannflug	Herflug	Samtals	Hlutfall herflugs
1994	57.160	5.086	6.433	68.679	9%
1995	54.338	5.130	6.824	66.292	10%
1996	58.824	5.191	7.616	71.631	11%
1997	61.343	5.671	6.341	73.355	9%
1998	70.913	5.783	6.595	83.291	7,9%

Innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1998 *)

Flugvöllur	Farþegafjöldi	Breyting 98/97	Hlutdeild
Reykjavík	440.585	6,1%	47,5%
Akureyri	181.234	16,1%	19,6%
Vestm.eyjar	83.660	19,4%	9,0%
Egilsstaðir	70.916	7,0%	7,7%
Ísafjörður	56.301	-6,9%	6,1%
Hornafjörður	17.714	-4,3%	1,9%
Húsavík	18.109	10,6%	2,0%
Sauðárkrúkur	14.326	-4,3%	1,5%
Aðrir flugvellarir	43.983	13,2%	4,7%
Samtals	926.828	8,1%	100,0%

*) Hver farþegi er vítalinn, þ.e. bæði við brottför og komu, en 7.734 áningarfarþegar eru ekki taldir með.

Millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1998

Flugvöllur	Brottfarar-/komufarb.	Áningar-/skiptifarþegar	Samtals	Breyting 98/97	Hlutdeild
Keflavík	859.571	366.824	1.226.395	11,7%	98,0%
Reykjavík	22.171	0	22.171	1,6%	1,8%
Akureyri	2.222	0	2.222	-42,7%	0,2%
Egilsstaðir	136	429	565	-19,3%	0,0%
Samtals	884.100	367.253	1.251.353	11,3%	100,0%

Vöru- og pósthutningar innanlands um íslenska áætlunarflugvelli 1998 **)

Flugvöllur	Vörur / Tonn	Póstur / Tonn	Samtals / Tonn	Breyting 98/97	Hlutdeild
Reykjavík	1.197,5	145,0	1.342,5	10,2%	44,9%
Akureyri	550,7	33,2	584,0	5,6%	19,5%
Egilsstaðir	220,4	0,1	220,5	-3,5%	7,4%
Ísafjörður	176,9	0,0	176,9	-6,2%	5,9%
Vestm.eyjar	131,5	22,1	153,6	0,9%	5,1%
Sauðárkrúkur	45,2	0,0	45,2	-56,3%	1,5%
Hornafjörður	57,8	0,0	57,9	-14,5%	1,9%
Húsavík	28,0	0,0	28,0	-28,2%	0,9%
Aðrir flugvellarir	241,3	137,5	378,8	-19,8%	12,7%
Samtals	2.649,3	338,0	2.987,2	-1,2%	100,0%

**) Vörur og póstur eru vítalín, þ.e. bæði við brottför og komu.

Vöru- og pósthutningar milli landa um íslenska áætlunarflugvelli 1998

Flugvöllur	Vörur / Tonn	Póstur / Tonn	Samtals / Tonn	Breyting 98/97	Hlutdeild
Keflavík	25.036,9	1.941,0	26.977,9	5,3%	99,5%
Reykjavík	114,2	16,6	130,8	-87,4%	0,5%
Samtals	25.151,1	1.957,6	27.108,7	1,7%	100,0%

Flughreyfingar innanlands á íslenskum áætlunarflugvöllum 1998

Flugvöllur	Áætlunar-/leiguflug	Annad flug	Snertilendingar	Samtals	Breyting 98/97	Hlutdeild
Reykjavík	20.668	38.540	31.421	90.629	-3,2%	48,2%
Akureyri	9.067	3.636	2.152	14.855	0,8%	7,9%
Vestm.eyjar	12.340	2.860	244	15.444	20,3%	8,2%
Egilsstaðir	3.177	1.147	662	4.986	-2,0%	2,7%
Ísafjörður	2.670	728	11	3.409	-4,5%	1,8%
Hornafjörður	1.306	520	47	1.873	-1,2%	1,0%
Húsavík	1.420	182	117	1.719	12,1%	0,9%
Sauðárkrúkur	1.688	244	0	1.932	-10,3%	1,0%
Keflavík	212	7.132	31.505	38.849	22,1%	21,6%
Aðrir flugvellarir	12.427	1.475	543	14.445	86,6%	7,7%
Samtals	64.975	56.464	66.702	188.141	7,5%	100,0%

Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum 1998

Flugvöllur	Áætlunar-/leiguflug	Annad flug	Samtals	Breyting 98/97	Hlutdeild
Keflavík	15.396	6.599	21.995	12,9%	84,6%
Reykjavík	1.098	2.592	3.690	-3,5%	14,2%
Akureyri	273	0	273	-12,8%	1,0%
Egilsstaðir	35	9	44	-17,0%	0,2%
Samtals	16.802	9.200	26.002	9,9%	100,0%